



# Jafnréttisáætlun

Waldorfskólinn Lækjarbotnum  
2023-2026

## Jafnréttisáætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum 2023-2026

“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.” (Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.)

*Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni (úr 1.gr.laga nr.150/2020)*

„Nemendur mæta frá fyrsta degi, skóla þar sem allir, bæði kennarar og nemendur eru jafnir. Kennarar mæta nemendum með handabandi og innileika við hurð kennslustofunnar. Það að vera jafningjar er ekki í mótsögn við að kennarinn sé leiðbeinandinn gagnvart bekknum eða barnahópnum.“ (af heimasíðu)

Jafnréttisáætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum nær til allra í skólanum, bæði nemenda og starfsfólks í samræmi við réttindi og skyldur í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (jafnréttislögum), nr. 150/2020, og kveður jafnréttisáætlun á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki skólans þau réttindi sem þar er kveðið á um. Jafnréttisáætlun þessi innifelur jafnframt sérstaka jafnlaunastefnu.

### Starfsfólk

#### Jafnlaunastefna - Launajafnrétti

Markmið: Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf, óháð kyni.

Jafnlaunastefna þessi kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki skólans þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Waldorfskólinn greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem störf gera óháð kyni. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf, óháð kyni.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Skólinn skuldbindur sig til að gera úrbætur ef frávik koma upp við greiningu launa.

**Aðgerð:** Launagreining var gerð af utanaðkomandi aðilum vegna jafnlaunastaðfestingar haustið 2022, og verður næst gerð haustið 2025. Leiðrétting verður gerð ef mismunur kemur fram sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.

**Ábyrgð:** Starfsmannaráð

**Tímarammi:** Verður skoðað aftur sumarið 2025 .

### Laus störf

**Markmið:** Að laus störf og framgangur í starfi standi starfsfólki til boða óháð kyni og að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.

**Lýsing:** Í Waldorfskólanum starfa nú fleiri konur en karlar og starfsmenn með hlutlausa skráningu kyns.

**Aðgerð:** Það hallar á karlmenn og starfsmenn með hlutlausa skráningu kyns. Hafa það í huga við starfsmannaráðningar. Hvetja karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns sérstaklega til að sækja um lausar stöður við skólann.

**Ábyrgð:** Ráðninganefnd ásamt starfsmannaráði skólans.

**Tímarammi:** Þegar við á, þ.e. þegar störf eru auglýst laus til umsóknar.

### Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

**I Markmið:** Starfsfólk sem vinnur sambærileg störf skal hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.

**Lýsing:** Öllum kennurum stendur til boða að sækja þá endurmenntun sem þeir óska eftir. Flestir fara á vikunámskeið um Waldorffuppeldisfræðina sem haldið er ár hvert á vegum Waldorfháskólans í Osló. Fagkennarar geta valið að fara á námskeið sem tilheyrir þeirra sérsviði t.d. í tónlist. Starfsmannaráð fær margs konar sérfræðinga til að vinna með sér að völdum viðfangsefnum ár hvert bæði í sambandi við uppeldisfræðina og vinnuna í starfsmannaráðinu sjálfu.

**Aðgerð:** Greina skal árlega sókn kynja í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun með það að leiðarljósi að tryggja að mismunun eigi sér ekki stað.

**Ábyrgð:** Fagráð

**Tímarammi:** Á hverju hausti.

**II Markmið:** Efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks.

**Aðgerð:** Kynjafræðiþemavinna og hópavinna um greinar jafnréttis laga jafnt og þétt yfir skólaárið 2023-2024.

**Ábyrgð:** Kynjafræðikennari í samráði við fagráð.

**Tímarammi:** Veturinn 2023-2024 verða tekin fyrir valin viðfangsefni í kynjafræði undir leiðsögn kynjafræðikennara.

## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

**Markmið:** Starfsfólki sé gert að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu óháð kyni.

**Lýsing:** Skóladagurinn er frá 8:30-14:30. Börnin koma heim kl. 15:00 með rútu. Fundir starfsmannaráðs eru á þriðjudögum frá 15:00-16:00 helgaður stjórnskipulagi og á fimmtudögum frá 15:00-18:00 eru fundir helgaðir innra mati, sí- og endurmenntun starfsfólks og barna- og bekkjarathugun. Einu sinni í mánuði funda allir starfsmenn saman á fimmtudagsfundi og skiptast þeir í fagfundir yngra og eldra stigs. Fimmtudagsfundir krefjast þess að hluti starfsfólks sé í vinnu lengur en hefðbundinn vinnudag einn dag í viku og því er gert ráð fyrir að hitt foreldrið og/eða aðrir fjölskyldumeðlimir geti séð um börn starfsfólks þennan dag. Einstæðir foreldrar með fullt forræði barna sinna þurfa því að sækjast eftir barnapössun þessa daga. Ekki er ætlast til að börn séu í skólanum á fundatíma. Skólinn leitast að öðru leyti við að skapa gott jafnvægi á milli fjölskyldu og atvinnulífs, kemur til móts við starfsfólk eins og hægt er með sveigjanleika. Starfsfólki er sýndur skilningur þegar það þarf að vera heima hjá veikum börnum, þarf að fara með börn til læknis, tekur fæðingarorlof eða þarf að sinna brýnum þörfum heimilis.

**Aðgerð:** Umræða sem fer fram reglulega. Hópavinna um þarfir starfsfólks þar sem fólk tjáir sig almennt um þennan þátt, hvað er gott, hvað mætti bæta? Hver er staðan að mati starfsfólks. Staðan er tekinn á sameiginlegum starfsmannaráðsfundum í lok hvernar annar og unnið með á starfsdegi/dögum í upphafi annar eða skólaárs.

**Ábyrgð:** Jafnréttisnefnd í samráði við fundarnefnd um tíma fyrir hópavinnu með starfsmönnum á fimmtudagsfundi á vormisseri og upphafi skólaárs á haustdögum.

**Tímarammi:** Verður búið að kortleggja stöðu og þarfir í lok haustannar 2023.

## Ráðstafanir vegna kynbundins ofbeldis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni á vinnustað.

Allt starfsfólk og nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki áreitni eða ofbeldi af kynbundnum eða kynferðislegum toga.

**Markmið:** Koma í veg fyrir að nemendur og starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Veita fræðslu um hvað felist í slíku athæfi og hvert skal leita ef það kemur upp.

Forvarnarstarf fyrir nemendur.

**Lýsing:** 2023-2024

2.-3.bekkur: Brúðsýningin Krakkarnir í hverfinu í maí 2022. Bekkjarkennari, aðstoðarkennari, félagsráðgjafi frá Kópavogsbæ og fulltrúi frá nemendaverndarnefnd sitja með. Samtal þeirra eftir sýningu.

4.-5.bekkur: fékk sömu brúðsýningu síðastliðið vor.

6.-7.bekkur: Hjúkrunarfræðingar vorönn 2022 með kynfræðslu auk samtals um kynferðislega áreitni og ofbeldi.

8.-9.bekkur: Nemendur fengu kynfræðslu frá hjúkrunarfræðingum. Fyrirlestur um eittraða karlmennsku og forvarnarfyrirlestur um eiturlyf. Kynjafræðilota vor 2022 um staðalmyndir og kynbundið ofbeldi. Hjúkrunarfræðingar með kynfræðslu auk samtals um kynferðislega áreitni og ofbeldi vorönn 2022. Farið á leiksýninguna Góðan daginn, faggi á haustönn 2022.

10.bekkur: Fyrirlestur frá samtökum 78, 101 hinsegin ásamt fyrirlestur um eittraða karlmennsku og forvarnarfyrirlestur um eiturlyf á vorönn 2022.

### Aðgerðir:

Fræðsla um hvað felist í kynbundnu og kynferðislegri áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp.

Markmið sett inn í forvarnaráætlun skólans skólaárið 2023-2024.

Fræðsla til kennara um hvernig þessi málaflokkur hefur verið unnin í öðrum skólum/stofnunum. Nemendaverndarnefnd safnar saman fræðsluefni fyrir mismunandi aldurshópa og miðlar til kennara.

Kynjafræðilota hjá 8.-9. bekk. og 9.-10.bekk.

**Ábyrgð:** Hjúkrunarfræðingar, nemendaverndarnefnd í samráði við bekkjarkennara, og kynjafræðikennari.

**Tímarammi:** Á hverju skólaári.

### Forvarnarstarf fyrir starfsfólk.

**II Markmið:** Einelti, ofbeldi, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.

**Aðgerð:** Unnið að forvörnum með fræðslu starfsmanna m.a. um aðgerðaáætlun um viðbrögð. Aðgerðaráætlun skal liggja fyrir á innri vef fyrirtækisins þar sem fram kemur hvaða ráða starfsfólk getur gripið til og hvert má leita.

**Ábyrgð:** Skólanefnd.

**Tímarammi:** Fræðsla fer fram einu sinni á ári og aðgerðaáætlun er aðgengileg sameiginlegu netdrifi starfsmanna.

### Fræðsla um jafnréttismál.

15.grein jafnréttislaga (150/2020) um menntun og skólastarf, var sérstaklega tekin fyrir í hópavinnu af starfsmannaráði. Farið var yfir þrjá þætti 1) jafnréttisfræðslu, 2) að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu-og atvinnulífi, 3) að kennslu og námsgögn mismuni ekki kynjunum.

**I Markmið:** Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.

**Aðgerðir:** Sérstök jafnréttisfræðsla 8., 9. og 10.bekk í lotukennslu í kynjafræði og heimspeki.

Lífsleikni í 6.-10.bekk, sérstakur bekkjartími einu sinni viku þar sem samræðan er notuð til að kryfja ýmis álitamál og láta í ljós eigin skoðanir. Áhersla lögð á að skoðunum fylgir ábyrgð og einnig skyldur.

Í bæði eldri og yngri bekkjum tvíanna hugmyndir og umræður um jafnrétti kynjanna inn í námsefni og hin daglegu viðfangsefni þar sem það á við og vera vakandi fyrir því ef eitthvað kemur upp á. Hafa tíma í deginum til að takast á við ágreiningsmál og nota tækifærin sem bjóðast til að ræða um jafnrétti.

Kennarar séu góðar fyrirmyndir. Í Waldorfskólanum er lögð áhersla á verklega kennsluhætti og nemendur á öllum aldurstigum hafa fyrirmyndir af báðum kynjum í störfum sem áður hafa talist karllæg og kvenlæg svo sem járnsmíða- og smíðakennarar skólans eru kvenmenn og skólaliðar sem hafa umsjón með daglegum grunnpörfum nemenda eru karlmenn.

Starfsmenn hafa haft það fyrir verklag undanfarin skólaár að ræða stöðuna tvisvar á önn á starfsmannafundi, fara hringinn, stutt skýrsla frá hverjum og einum til að halda í jafnréttismálum í meðvitundinni. Hugmyndir eru uppi um að búa til tékklista, en útfærsla þarfnast frekari umræðu og vinnu.

Gagnvart foreldrum er mikilvægt að segja frá þessu starfi, fá einnig inn umræður og athugasemdir frá þeim á t.d. foreldrafundum.

**Ábyrgð:** Starfsmannaráð og nemendaverndarnefnd.

**Tímarammi:** Endurskoðað annað hvert ár þar sem 10.bekkur er ekki við skólann annað hvert ár.

**II Markmið:** Leggja áherslu á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

**Lýsing:** Nemendur skiptast á að vera umsjónarmenn og leggja á matarborð, ganga frá og sópa. Einnig elda börn pizzu í eldofni í skemmunni og úti á hlóðum á ákveðnum tímum og vaska þá upp og ganga frá eftir sig. Eitt gengur yfir alla. Allir læra jafnt hannyrðir sem tálgun og smíðar. Í eldri bekkjum fá unglingar að læra eldsmíði, jafnt piltar sem stúlkur. Stundum þarf að hjálpa til í eldhúsi eða inni á leikskóla og fá þá eldri krakkar að fara úr tímum til þess. Það er einnig notað sem ákveðin hvíld fyrir nemendur sem þrífast ekki þann daginn í kennslustundum og til þess að aðrir lífskraftar þeirra fái að njóta sín. Mikil samvinna er á milli leikskóla og grunnskóla og meðvitund um að þeir eldri fái tækifæri á að taka þátt í að passa yngri nemendur. T.d. þegar er vont veður og rútan kemst ekki niður brekkuna þá þurfa stundum eldri krakkar að halda á eða leiða þau yngri. Allir nemendur eru saman í frímínútum ásamt skólaliðum og er ýtt undir hópleiki sem nýtast þvert á alla aldurshópa.

**Aðgerð:** Kenna báðum kynjum heimilisstörf, elda, vaska upp og leggja fallega á borð, sópa og þrifa. Einnig útistörf eins og að moka, keyra hjólbörur reyta arfa, raka, gróðursetja og vökva. Eldri börn búa til tröppur, helluleggja, gera mælingar og smíða.

**Ábyrgð:** Starfsmannaráð

**Tímarammi:** Allt skólaárið.

## Kennslu- og námsgögn.

**Markmið:** Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.

**Aðgerð:** Námsfni hvers aldurhóps fyrir sig yfirfarið með tilliti til jafnréttis kynjanna. Kennslufni í íslensku og samfélagsfræði eru valin með margbreytileikasjónarmið í huga.

Lögð er áhersla á að kynna á konur og kvenhetjur úr fornsögum t.d. Guðrúnu Ósvífursdóttir úr Laxdælu, Helgu fögru úr Harðarsögu og Hólmverja, Þórdísi Þorbjörnsdóttur úr Gíslasögu Súrssonar og svo áfram mætti telja.

Í Waldorffuppeldisfræði eru sérstakar lotur sem tengjast inn á sagnahefðir/mannkynssögutímabil/goðsögur í hverjum bekk fyrir sig. Sérstök áhersla er lögð á í símenntun og endurmenntun kennara að vera með meðvitund þegar kemur að vali á sögupersónum að hafa margbreytileikasjónarmið í huga.

Frásagnarefni /þema

1.-2.bekkur. Ævintýri. Hin gömlu sígildu ævintýri eru í raun táknrænar myndir sem endurspegla sálarþroska manneskjunnar. Persónur ævintýranna eru birtingarmyndir eiginleika sem búa innra með hverjum og einum. Fyrir barn fram að 7 ára aldri hafa þessar birtingarmyndir ekkert með kynhlutverk að gera og barnið getur samsamað sig með hvaða persónu sem er óháð kyni.

2.-3.bekkur. Dæmisögur og helgisögur. Dýradæmisögur eru táknrænar fyrir hvatir og hneigðir okkar sem manneskjur óháð kyni. Helgisögurnar sýna aftur á móti hvernig manneskjan getur hafið sig yfir hvatir sínar og hneigðir með viljastyrk sínum. Þó að börnin geti hæglega samsamað sig persónum af báðum kynjum er engu að síður rétt að gera persónum af báðum kynjum skil.

3.-4.bekkur. Gamla Testamentið.

Bíblíusögur úr Gamla Testamentinu eru valdar með sjónarmið um margbreytileika að leiðarljósi.

4.-5.bekkur. Norræn Goðafræði og Íslendingasögur.

Landnám Íslands og Íslendingasögur gefa okkur mörg tækifæri fyrir góða umræðu um hlutverk kynjanna og jafnrétti. Mikilvægt að gera kvenhetjum góð skil. Auður Djúpúðga, Þórhildur/Þjóðhildur, Freyja, Iðunn, Frigg og Sif fá allar sinn sess í frásögnum úr Snorra-Eddu.

Goð og Gyðjur fjölbreyttar persónur.

5.-6.bekkur. Hið forna menningarsamfélag Mesópótamía, vagma siðmenningar og gyðja þess Eluhanna, Egyptar og gyðjur þess svo sem réttlætisgyðjan Ma at, Hatshepsut farói og gyðjur Grikklands hið forna.

6.-7.bekkur. Rómaveldi, staða kvenna og barna á tímum rómverja. Kleoptara Miðaldir: Jóhanna af Örk og Hildegard von Bingen,

7.-8.bekkur. Landafundirnir miklu og staða frumbyggja, kvenna og barna.

8.-9.bekkur. Iðnbyltingin, Marie Curie, staða kvenna í vísindum.

9.-10.bekkur Byltingar, sjálfstæðishetjur, kvenréttindi, kynseginleiki.

**Ábyrgð:** Starfsmannaráð

**Tímarammi:** Námsfni í íslensku á mið- og elsta stigi skoðaðar skólaárið 2013-2014. Námsfni í mannkynssögu skólaárið endurskoðað 2021-2022. Síðari hluti mannkynssögu sérstaklega fyrir elstu bekki mætti skoða ítarlegar skólaárið 2022-2023. Staðan tekin aftur á haustönn 2023 og athuga hvað við höfum áhuga á að taka fyrir næst.

### Náms- og starfsfræðsla

**Markmið:** Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf fá nemendur óháð kyni fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

**Lýsing:** Kópavogsbær hefur veitt námsráðgjöf í samráði við bekkjarkennara skólans. Námsráðgjafi veitir nemendum einstaklingsviðtöl og almenna starfs- og námsfræðslu fyrir elsta árganginn allt skólaárið og eftir þeirra þörfum. Boðið hefur verið upp á skoðunarferð í Menntaskólann í Kópavogi þar sem sá framhaldsskóli er í byggðalaginu. Á skólaárinu 2022-2023 eru sjö nemendur í 10.bekk.

**Aðgerð:** Í kennslu verður lögð áhersla á jafnrétti kynjanna. Nemendum skólans gert kleift að fá upplýsingar og ráðgjöf um það sem þau kjósa sjálf og hafa mestan áhuga á auk þess sem öllum séu kynnt valin störf og nám í framhaldsskólum í næsta nágrenni. Því gert jafnt undir höfði að skoða verknám eins og bóknám, menntaskóla sem framhaldsskóla, kvennastörf sem karlastörf.

**Ábyrgð:** Bekkjakennari á elsta stigi, námsráðgjafi og kynjafræðikennari.

**Tímarammi:** Hvert ár sem það er 10 bekkur í skólanum.

### Samstarf heimilis og skóla

**Markmið:** Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu. Að starfsfólk skólans sé meðvitað í samskiptum við foreldra og útilokar ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.

**Lýsing:** Foreldrar taka mikinn þátt í skólastarfinu, sjá um þrif á skólahúsum 2-3 helgar á önn, taka þátt í vinnuhelgum og handverksvinnu fyrir basarinn. Til umhugsunar: Hverjir mæta í foreldraviðtöl/hverjir eru í stjórn foreldrafélagsins/í hvern er hringt, móður eða föður.

**Aðgerð:** Skólaárið Skólaárið 2014-2015 var ákveðið að láta foreldrahóp sem sér um þriflistann taka hann til umhugsunar. Þrifalisti hefur verið uppfærður með jafnrétti kynjanna í huga.

**Ábyrgð:** Starfsmannaráð í samráði við foreldra sem skrifa út þriflistana.

**Tímarammi:** Skoða á hverju starfsári.



**Eftirfylgni:**

Jafnréttisáætlun þessi verður endurskoðuð á þriggja ára fresti. Árlega er farið yfir markmið, aðgerðir og niðurstöður verkefna.

Lækjarbotnar, 13. Janúar 2023

Hildur Margrétardóttir  
Skólastjóri